

Kópavogsbær  
Sólveig H. Jóhannsdóttir,  
umhverfisfulltrúi  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2013  
Tilvísun: UST20130500027/wfhw

### Útikennslusvæði - Víghólasvæði


Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi frá Kópavogsbæ, dags. 23. apríl 2013, og ítagögn um efnið, dags. 31. maí 2013, þar sem óskað er eftir umsögn vegna útikennslusvæði við Víghól í friðlýstu Víghólasvæði.

Víghólar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Þar er að finna jökulsorfnar grágrytis klappir, svokölluð hvalbök. Jökulrákirnar segja til um stefnu jökulsins sem lá yfir Kópavogi í lok ísaldar. Víghólar og Borgarholt tilheyra víðáttumiklum hraunum sem runnu á hlýskeiðum ísaldar. Stærð náttúruvættisins er 1,4 ha.

Í erindi umsækjenda er framkvæmdinni lýst svo: Innan afmarkaðs svæðis er fyrirhugað að koma fyrir aðstöðu til útikennslu. Útikennslusvæðið er notað af grunn- og leikskólum bæjarins á meðan starfstími þeirra er, til leiks og fræðslu. Á svæðinu verður hægt að koma fyrir bekkjum og eldstæði. Allur efnisviður sem notaður verður á svæðinu verður úr náttúrulegum efnum t.d. trjádrumbum og steinum. Þá er einnig tekið fram að umrædd staðsetning útikennslusvæðisins er hnitsettur punktur x-hnit: 19762.000 og y-hnit: 14114.000 og er áætlað að umrætt útikennslusvæði verði með 7 m radíus út frá þeim punkti til viðmiðunar og þar fyrir innan verða bekkir og eldstæði. Eldstæðið verði forsteypt eining frá Loftorku með innanmálið 1000 mm.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd falli að þeim markmiðum og reglum sem gilda um náttúruvættið. Umhverfisstofnun samþykkir að veita leyfi fyrir útikennslusvæði með því skilyrði að frágangur á svæðinu sé til fyrirmyndar og í samræmi við fyrrgreinda auglýsingu um friðlýsingu Víghólasvæðis, en landvörður mun sinna eftirliti fyrir hönd Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst



William Fréyr  
Huntingdon-Williams  
Lögfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

